

**Samskiptadagur í Húnaþingi vestra 28.mars klukkan 17.00.**

**Miðvikudaginn 28.mars verður almennur íbúafundur um jákvæð samskipti í Félagsheimilinu á Hvammstanga.**

**Séra Magnús Magnússon mun flytja erindi um samskipti og siðferði.**

**Hafþór Birgisson frá SAFT mun flytja erindi um ábyrga og jákvæða notkun netsins og annarra nýmiðla.**

Internetið er frábær upplýsingaveita og tæki til samskipta en þar felast einnig ýmsar hættur sem mikilvægt er fyrir foreldra að þekkja og gera sér grein fyrir. Til að foreldrar geti talað við börnin sín og leiðbeint þeim um öryggi og góða hegðun þurfa þeir að þekka það umhverfi sem þeir eru í dags daglega. Leiðbeiningar um "umferðarreglur" á netinu eru því orðinn einskonar hluti af uppeldishlutverkinu. Fjallað er um netið og nýmiðla og mikilvægi þeirra í lífi barna og unglunga. Rætt er m.a. um a) helstu notkunarleiðir og venjur barna og unglunga, b) hvað nauðsynlegt er að hafa í huga til að netnotkun verði örugg og ánægjuleg, c) hvernig foreldrar og kennarar geta rætt um jákvæða og örugga netnotkun við börn og unglunga, og d) sýnikennsla á nokkrum af þeim "verkfæra" sem ungt fólk notar.

**Við hvetjum fundarmenn til að taka þátt í almennum umræðum eftir erindin.**

**Jafnframt viljum við sérstaklega hvetja nemendur í 8. 9, og 10. bekk til að mæta ásamt foreldrum sínum.**

**Stýrihópur um forvarnir í Húnaþingi vestra.**